

Myndhópurinn á Akureyri

2013/20

Myndhópurinn á Akureyri var stofnaður 1978. Hann var félag myndlistarfólks sem sameinaði í einu félagi fagmenn og áhugafólk í myndlist. Stofnfundur félagsins var haldinn 9. janúar 1979.

Markmið félagsins var að efla myndlist á Norðurlandi, efla samskipti milli myndlistarfólks og vera hagsmunasamtök félagsmanna. Félagið reyndi enn fremur að koma á samskiptum við myndlistarmenn á Norðurlandi og víðar.

Félagið hélt fyrstu sýninguna í nóvembermánuði 1978, í Iðnskólanum við Þingvallastræti. Árið eftir var haldin önnur samsýning og var þátttaka opin öllum sem voru að fást við hverskonar myndsköpun en höfðu lítil tækifæri til að sýna verk sín.

Myndhópurinn var starfandi á Akureyri og hélt flestar sínar sýningar þar en sýndi einnig annarsstaðar á Norðurlandi m.a. á Sauðárkróki, Húsavík og í Stórutjarnaskóla.

Tvisvar sinnum stóð hópurinn fyrir minningarsýningum um listamenn, annars vegar á verkum Elísabetar Geirmundsdóttur og hins vegar á verkum Gísla Guðmann.

Hópurinn var virkur fram á 10. áratug 20. aldarinnar.

Afhendingin barst frá Herði Jörundssyni. Frá sama skjalamyndara hefur borist önnur afhending með nr. 2019/24.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

6. maí 2024

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2013 / 20

A-Myndhópurinn á Akureyri

A-Myndhópurinn á Akureyri

1978 - 1993

A	1	1	1988 - 1993	Gestabók fyrir sýningar Myndhópsins.
A	1	2	1978 - 1983	Gestabók fyrir sýningar Myndhópsins.
A	1	3	1978 - 1987	Skáldaraddir sýningagesta.
A	1	4	1984 - 1993	Bók yfir sölu á verkum á sýningum hópsins.
A	1	5	1979 - 1993	Boðskort; sýningarskrár; fundarboð; uppköst að boðskortum, sýningarskrám og auglýsingum; innsent bréf; kort með hamingjuóskum.